

FUNDARGERÐ



Sveitarstjórn Pingeyjarsveitar

103. fundur

í Kjarna fimmtudaginn 24. maí 2012 kl. 13:00

Dagskrá:

1. Fundarsetning:
2. Styrkbeiðni – Aflið:
3. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 16.05.2012:
4. Fundargerð Atvinnueflingar Pingeyjarsveitar ehf. frá 26.04.2012:
5. Drög að samningi við Framhaldsskólann á Laugum:
6. Kaup á Grímsstöðum á Fjöllum:

Til kynningar:

- a) Fundargerð stjórnar Sorpsamlags Þingeyinga frá 08.05.2012:

Mætt: Ólína Arnkeldsdóttir, Ásta Svavarsdóttir, Friðrika Sigurgeirsdóttir, Arnór Benónýsson, Árni Pétur Hilmarssonar, Margrét Bjarnadóttir og Ásvaldur Þormóðsson auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð.

1. Fundarsetning:

Oddviti setti fund. Hann óskaði eftir að tekið yrði á dagskrá undir 7. lið; fjárfestingarkaup sveitarfélagsins, undir 8. lið; Hólavegur 9 og undir 9. lið; styrkbeiðni vegna söngvastuttmyndar. Samþykkt samhljóða.

2. Styrkbeiðni – Aflið:

Lögð fram styrkbeiðni frá Aflinu, samtökum gegn kynferðis- og heimilisofbeldi á Norðurlandi, þar sem óskað er eftir styrk til rekstrar samtakanna. Sveitarstjórn samþykkir styrk kr. 50.000 samkvæmt fjárhagsáætlun.

3. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 16.05.2012:

Lögð fram fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 16.05.2012. Ásvaldur gerði grein fyrir fundargerðinni. Varðandi 1. lið; drög að reglugerð um verndun Mývatns og Laxár þá er það mat sveitarstjórnar og Skipulags- og umhverfisnefndar að þessi drög að reglugerð gangi allt of langt í að færa forræði svæðisins frá landeigendum og stjórnarsýslu sveitarfélaganna til Umhverfisstofnunar. Árni Pétur Hilmarsson fór yfir þær athugasemdir sem hann og Snæfríður Njálisdóttir höfðu tekið saman samkvæmt samþykkt Skipulags- og umhverfisnefndar. Sveitarstjórn staðfestir athugasemdirnar með áorðnum breytingum og samþykkir að senda þær til Umhverfisráðuneytisins sem umsögn Þingeyjarsveitar við reglugerðina. Þá samþykkir sveitarstjórn samkvæmt tillögu nefndarinnar, 2. lið; Jaðar Reykjadal. Hesthús og vélargeymsla, 3. lið; Þeistareykjavirkjun. Umsókn um framkvæmdarleyfi vegna breikkunar á Þeistareykjavegi nyrðri, 4. lið; Þeistareykjavirkjun. Umsókn um stofnun lóðar, 6. lið; Rauðaskriða I-III. Deiliskipulag og 9. lið; Stekkjarbyggð 22. Breyting á deiliskipulagsskilmálum. Fundargerðin staðfest að öðru leyti.

4. Fundargerð Atvinnueflingar Þingeyjarsveitar ehf. frá 26.04.2012:

Lögð fram fundargerð Atvinnueflingar Þingeyjarsveitar ehf. frá 26.04.2012. Ólína gerði grein fyrir fundargerðinni. Sveitarstjórn samþykkir 3. lið um aukið hlutfé til Atvinnueflingar Þingeyjarsveitar ehf. að fjárhæð kr. 5.5 milljónir.

5. Drög að samningi milli Þingeyjarsveitar og Framhaldsskólans á Laugum:

Lögð fram drög að samningi milli Þingeyjarsveitar og Framhaldsskólans á Laugum um afnot og leigu íþróttahúss og sundlaugar. Arnór vék af fundi undir þessum lið. Sveitarstjóri gerði grein fyrir drögunum. Sveitarstjóra falið að ganga frá samningi við Framhaldsskólann á Laugum á grundvelli þeirra í samræmi við umræður á fundinum.

6. Kaup á Grímsstöðum á Fjöllum:

Tekið til umræðu fyrirhuguð kaup sveitarfélaganna á Norðausturlandi á Grímsstöðum á Fjöllum. Afgreiðslu frestað.

7. Fjárfestingakaup sveitarfélagsins:

Á síðasta fundi sveitarstjórnar þann 10. maí s.l. var samþykkt að sækja um lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 60.000.000 kr. vegna fjárfestingakaupa. Sveitarstjórn samþykkir þá fjárhæð sem viðauka við fjárhagsáætlun.

8. Hólavegur 9:

Sala á íbúð sveitarfélagsins að Hólavegi 9 tekin fyrir. Sveitarstjóri gerði grein fyrir kauptilboði sem borist hefur í eignina. Sveitarstjóra falið að ganga frá sölunni samkvæmt fyrirbyggjandi kauptilboði.

9. Styrkbeiðni vegna söngvastuttmyndar

Lagt fram erindi frá Önnu Sæunni Ólafsdóttur um styrk til söngvastuttmyndargerðar en hún er um þessar mundir að útskrifast sem leik- og kvikmyndagerðakona úr Kvikmyndaskóla Íslands. Friðrika vék af fundi undir þessum lið.

Erindinu vísað til haustúthlutunar styrkja Félags- og menningarmálanefndar.

Til kynningar:

- a) Fundargerð stjórnar Sorpsamlags Þingeyinga frá 08.05.2012:

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:18

Ólína Arnkelsdóttir

Arnór Benónýsson

Margrét Bjarnadóttir

Ásta Svavarsdóttir

Friðrika Sigurgeirsdóttir

Árni Pétur Hilmarsson

Ásvaldur Þormóðsson